

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Rektor sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta skólanefndar.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. grein orðist svo:

Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radiótæki.
(skylduskoðun og/eða sértíðnir).
Árleg gjöld.

fyrir hverja starfsstöð eða tæki (skip, flugvélar, fastastöðvar, farstöðvar).

| | | |
|-----|----------------------------|-----------|
| 2.1 | Skip og flug, >100W | kr. 8.640 |
| 2.2 | Skip og flug, <=100W | kr. 6.480 |

| | | |
|-------|--|-----------|
| 2.2.1 | Þrátt fyrir ákvæði 2.2 skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna VHF rása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki milli- bylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa. | |
| 2.3 | Skip og flug, aukask., >100W | kr. 4.800 |
| 2.4 | Skip og flug, aukask., ≤100W | kr. 4.800 |
| 2.5 | Fastastöðvar, land (sértíðnir) | kr. 4.320 |
| 2.6 | Talstöðvar í landi, skipa- og flugvélatíðnir | kr. 2.400 |
| 2.7 | Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir): | |
| 2.7.1 | 2ja tíðna rás(ir) | kr. 3.240 |
| 2.7.2 | 1 tíðna rás(ir) | kr. 2.160 |
| 2.7.3 | 1 tíðna rás, sítónn | kr. 1.080 |

Aðilar skv. 2.7 með neyðar- og hjálpartíðnir skulu greiða 25% af ofangreindum gjöldum.

| | | |
|-----|--|-----------|
| 2.8 | Talstöðvar, skammtímaleyfi (hámark 6 mánuðir)..... | kr. 2.400 |
|-----|--|-----------|

2. gr.

4. grein orðist svo:

Fastasambönd.

Árleg gjöld.

| | | |
|-----|------------------------|------------|
| 4.1 | 1-9 talrásir | kr. 15.000 |
| 4.2 | 10-29 talrásir | kr. 22.000 |
| 4.3 | 30-119 talrási | kr. 30.000 |
| 4.4 | 120-299 talrásir | kr. 36.000 |
| 4.5 | 300-599 talrásir | kr. 50.000 |
| 4.6 | 600-999 talrásir | kr. 58.000 |
| 4.7 | ≥1000 talrásir | kr. 68.000 |
| 4.8 | 1 sjónvarpsrás..... | kr. 36.000 |

Hver 2 Mb/s í stafrænum samböndum reiknast sem 30 talrásir.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. nr. 32/1993 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. júlí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.